

## ÁÆTLUN / TILBOÐ

SKJALALYKILL	TITILL	
2020-153-MIN-001-V01	Greining á kerfum og vinnuumhverfi í vaktstöð Vegagerðarinnar	
DAGS.	VERKKAUPI	TILVÍSUNARNÚMER
25.10.2019	Vegagerðin	...
SENDANDI	MÓTTAKANDI	DREIFING
Halla Katrín Svölu- og Arnardóttir	Pórir Ingason (thorir.ingason@vegagerdin.is)	...

### Ágrip af erindi til birtingar á vef Vegagerðarinnar:

Vegagerðin hefur óskað eftir að fá tillögu að nálgun til að taka út starfsemi vaktstöðvarinnar. Notast verður við aðferðafræði sem kallast CRIOP (Crisis Intervention and Operability Analysis), sem er leiðandi aðferðafræði í Noregi, til að staðfesta og sannprófa getu vaktstöðvar til að meðhöndla á öruggan og skilvirka hátt allar aðgerðir.

Aðferðafræðin er þróuð af SINTEF Technology and Society (ein af stærstu sjálfstæðu rannsóknastofnunum í Evrópu), hún er margreynd og er algengasta aðferðin sem notuð er til að sannprófa getu stjórnstöðva í olíu- og gasiðnaði í Noregi.

Tilgangur er að skoða stöðu vaktstöðvarinnar eins og hún er í dag. Hvernig er skipulag vaktstöðvarinnar og vinnuumhverfi. Hvernig eru stjórn- og öryggiskerfi skilgreind og hvernig gengur starfsmönnum að sinna þeim. Hver er staðan á gæðakerfi, verkferlum og vinnulýsingum. Hver er staðan á þjálfun og hæfni starfsmanna og hvernig er fjarstýring kerfanna skilgreind og varin fyrir utanaðkomandi aðgangi.

Markmið er að bæta aðstöðu, vinnuumhverfi og kerfi starfsmanna vaktstöðvar til að auka hæfni þeirra til að takast á við allar aðstæður og aðgerðir sem sinna þarf.

Benda má á að í tillögu að 5 ára samgönguáætlun eru sett fram markmið um öryggi í samgöngum og myndi þetta verkefna koma inn á nokkra þætti sem tengjast verkefnum til að ná þessu markmiði.

Hjá EFLU er mikil reynsla af skipulagi og hönnun kerfa sem tengjast stjórn- og vaktstöðvum. Starfsmaður EFLU, sem myndi koma að þessu verkefni, hefur mikla reynslu af greiningu á stjórnstöðvum fyrir olíu- og gasborpalla í Noregi, bæði á hönnunarstigi og einnig í rekstri. Sami starfsmaður hefur verið að vinna við greiningu með CRIOP á stjórnstöð vatns og virkjana hjá Veitum og er talið að þetta sé í fyrsta skipti sem svona greining er gerð á Íslandi.

Eftirlitsstofnun olíumála í Noregi (Petroleumstilsynet-Ptil) gerir þá kröfu að gerð sé greining á öllum stjórnstöðvum, sem tilheyra norsku landgrunni, til að staðfesta og sannprófa getu þeirra til að meðhöndla á öruggan og skilvirka hátt allar aðgerðir, þetta á bæði að gera reglulega á hönnunartímanum og einnig reglulega eftir að stjórnstöðin er komin í rekstur. Eftirlitsstofnunin gerir kröfu um að fá staðfestingu á að þetta sé gert og taka einnig stjórnstöðvar í skoðun. Algengast er að sannprófa þetta með framangreindri aðferðafræði, CRIOP.

Miðað er við alþjóðlega og norska staðla í skipulagi og vinnuumhverfi og rekstri stjórnstöðva.

Sem grundvöll fyrir greininguna þarf að afla gagna um núverandi ástand í stjórnstöð ásamt því að fá upplýsingar um gæðakröfur, stefnu fyrirtækisins, verkferla, teikningar o.fl.

Þátttakendur eru starfsmenn í vaktstöð og aðrir aðilar sem tengjast rekstri vaktstöðvarinnar ásamt sérfræðingi frá EFLU.

Hlutverk starsmanna Vegagerðarinnar, sem tengjast vaktstöð, verður að finna til upplýsingar um gæðakröfur, stefnu fyrirtækisins, verkferla, teikningar o.fl. sem verður notað til að staðfesta og sannprófa getu stjórnstöðvarinnar til að meðhöndla á öruggan og skilvirka hátt allar aðgerðir sem tilheyra stjórnstöðinni.

Sérfræðingur EFLU mun safna upplýsingum, skipuleggja fundi og hópavinnu fyrir yfirferð á gátlistum CRIOP og mun leiða hópinn til að vinna samkvæmt þessari aðferðafræði. Sérfræðingur EFLU mun einnig vinna úr niðurstöðum greiningarinnar og setja fram skýrslu með samantekt og niðurstöðum.

Unnið verður út frá spurningum eða gátlistum sem eru listaðir upp í CRIOP. Spurningalistunum er skipt upp í sjö meginflokka sem eru:

1. Skipulag (Layout )
2. Vinnuumhverfi (Working environment)
3. Stjórn- og öryggiskerfi (Control and safety systems)
4. Vinnuskipulag (Job organisation)
5. Verkferlar og vinnulýsingar (Procedures and work descriptions)
6. Þjálfun og hæfni (Training and competence)
7. Fjarsýring kerfa (e-Operations)

Aðgengi að starfsfólki vaktstöðvar Vegagerðarinnar og öðrum aðilum sem tengjast rekstri vaktstöðvarinnar og þátttaka þeirra er mjög mikilvæg og gott að hafa starfsfólk sem hefur mikla reynslu af kerfum vaktstöðvar ásamt því að hafa starfsfólk sem er nýtt í starfi.

Farið verður yfir flest öll þau kerfi sem tengjast vaktstöðinni og lagðar fram tillögur að aðgerðum sem hægt er að gera til að betrubæta skipulag, vinnuumhverfi, stjórnkerfi, gæðakerfi og almennan rekstur vaktstöðvarinnar. Niðurstöður bæta við þekkingu á skipulagi, umhverfi og rekstri vaktstöðvarinnar og færa nær því sem þekkest í nágrannalöndum okkar.

Gera má ráð fyrir að þessi rannsókn muni aðstoða Vegagerðina að uppfylla markmið rannsóknarsjóðs. Þetta er t.d. gert með því að þróa skipulag, umhverfi og rekstur vaktstöðvarinnar með því að miða við staðla sem tíðkast að nota í nágrannalöndunum og mun það auðvelda Vegagerðinni að sinna hlutverki sínu. Þetta verkefni hjálpar starfsmönnum að afla nýrrar þekkingar og innleiða hana í starfsemi Vegagerðarinnar, þar sem unnið væri með alþjóðlega og norska staðla fyrir vakt- og stjórnstöðvar og þeir notaðir til að gera greiningu á starfsemi vaktstöðvarinnar.

Til stendur að breyta eða byggja nýja aðstöðu fyrir vaktstöð og er einnig hægt að nota niðurstöður greiningarvinnunnar sem grunn að þarfa- og kerfisgreiningu fyrir nýja vaktstöð hjá Vegagerðinni.

Í verkefnislok verður lögð fram skýrsla með niðurstöðum og aðgerðalisti með samantekt á tillögum. Tillögurnar munu vísa í hvað mælt er með að gera til að uppfylla alþjóðlega og norska staðla sem tíðkast að nota við hönnun og rekstur stjórnstöðva í nágrannalöndunum.